

**Alþjóðaheilbrigðisreglugerðin 2005
Sóttvarnavottorð fyrir skip**

**Drög að verklagsreglum
9. júlí 2010**

**Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga
Matvælastofnun
Umhverfisstofnun
Siglingastofnun**

Formáli

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hefur það hlutverk að samhæfa sóttvarnaráðstafanir um heim allan til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómaþjóða á milli sem eru bráð ógna við lýðheilsuna. Fyrstu alþjóðlegu reglugerðirnar sem miðuðu að því að koma í veg fyrir smitsjúkdóma litliti dagsins ljós þegar á 19. öld og voru forboðar WHO og alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (IHR). Síðasta reglugerðin var frá 1969 hafði það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir útbreiðslu þriggja sjúkdóma (svarta dauða, kóleru og gulusótt). Þróun undanfarna áratuga hefur verið með þeim hætti að alþjóðleg ógn við lýðheilsuna er ekki lengur bundin við tiltekna sjúkdóma. Ógnin er fyrst og fremst bundin við nýja áður óþekkta smitsjúkdóma og aðra heilsufarsógnir svo sem eiturefni og geislavirk efni sem geta borist þjóða í milli.

Af þessari ástæðu samþykktu þjóðir heims nýja heilbrigðisreglugerð allsherjarþingi WHO vorið 2005 (IHR 2005). Tilgangurinn er eftir sem áður að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma þjóða í milli án þess þó að valda ónauðsynlegri röskun á alþjóðaviðskiptum ferðum manna um heiminn. Reglugerðin tekur ekki lengur til einstakra sjúkdóma en þess í stað miðast hún við allar heilsufarsógnir sem breiðst geta milli þjóða. Reglugerðin tók gildi hér á landi 15. júní 2007 og hún bindandi alþjóðlegur sáttmáli. Með breytingu á sóttvarnalögum nr. 19/1997 sem tóku gildi vorið 2007 er kveðið á um að Ísland sé bundið af reglugerðinni og að sóttvarnalæknir sé landstengiliður Íslands við WHO um allt sem varðar þessa reglugerð. Gildissvið reglugerðarinnar snertir mörg stjórnvöld og stofnanir hér á landi. Helstu stofnanir sem koma að þeim hluta reglugerðarinnar sem snertir skip eru Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, Geislavarnir ríkisins og Siglingastofnun.

Reglugerðin (IHR 2005) kveður á um nýja tegund sóttvarnavottorða fyrir skip. Þessi breyting hefur m.a. annars í för með sér nýju vottorðin koma í stað svokallaðra rottuvottorða. Þau taka nú til allra smitefna, eiturefna og geislavirkra efna ekki síður en meindýra sem geta ógnað lýðheilsunni.

Þær verklagsreglur sem hér birtast eru stuðningur við þá aðila sem annast heilbrigðiseftirlit og útgáfu sóttvarnavottorða fyrir skip. Þær eru unnar af Ásu Aladóttur, f.h. sóttvarnalæknis, Dóru Gunnarsdóttir, f.h. Matvælastofnunar og Sigríði Kristjánsdóttur, f.h. Umhverfisstofnunar, Rósu Magnúsdóttur, f.h. heilbrigðiseftirlitssvæða og Þór Kristjánssyni, f.h. Siglingastofnunar.

Haraldur Briem
Sóttvarnalæknir
Landstengiliður við WHO um málefni IHR

Inngangur

Ný alþjóðaheilbrigðisreglugerð (IHR) var samþykkt af Alþjóðaheilbrigðisþinginu (WHA) árið 1969 en hún átti rætur að rekja til sambærilegra reglugerða frá 19. öld. Reglugerðin náði þá til sex sjúkdóma. Viðbætur við reglugerðina voru samþykktar 1973 og aftur 1981 þar sem áherslan var eingöngu á þrjá sjúkdóma, kóleru, gulusótt og svarta dauða. Með hliðsjón af aukinni ferðamennsku og alþjóðaviðskipta og nýkomu og endurkomu smitsjúkdóma og annarra heilsufarsógnna og alþjóðlegri útbreiðslu þeirra kallaði WHA eftir gagngerri endurskoðun á IHR árið 1995. Skrifstofa Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) hóf í samvinnu við aðildarríkin vinnu við að útvíkka gildissvið reglugerðarinnar þannig að það tæki til allra atburða sem ógnuðu lýðheilsunni (sýkla, eiturefna og geislavirkra efna) án tillits til uppruna þeirra. Nýja reglugerðin tók gildi 15. júní 2005 (IHR 2005) en formlega gildir hún frá 15. júní árið 2007.

Samkvæmt reglugerðinni ber öllum aðildarríkjum WHO að hafa innleitt lágmarks grunnviðbúnað til vöktunar og viðbragða. Skal það gert í samræmi við viðauka 1 innan fimm ára frá innleiðingu reglugerðarinnar, þ.e. 2012.

Einn þáttur innleiðingar reglugerðarinnar er eftirlit með skipum og útgáfa sóttvarnarundanþágu og sóttvarnavottorða. Fyrir 15. júní 2007 var svokallaðra rottuvottorða krafist vegna millilandasiglinga. Miðaðist sú ráðstöfun við að takmarka útbreiðslu rottuborinna sjúkdóma. Skyldu skip endurnýja þessi vottorð á sex mánaða fresti og skyldi skipið allt skoðað.

Þegar IHR (2005) tók gildi í júní 2007, og þar með sóttvarnavottun skipa, styðjast þar til bær yfirvöld við ákvæði reglugerðarinnar sem lúta að þeim hluta reglugerðarinnar sem snýr að vottorðum vegna sóttvarnaundanþágu og sóttvarnavottorða sem hafa sex mánaða gildistíma og taka til allra þátta í skipi sem skipta heilsu manna máli (ekki eingöngu rottur). Í vottorðunum kemur fram til hvaða rástafana þarf að grípa.

Við gerð þessara verklagsreglna er m.a. stuðst við leiðbeiningar frá WHO: “Interim technical advice for inspection and issuance of ship sanitation certificates”.

Skilgreiningar

„farangur“ (baggage): einkamunir ferðamanna,

„farmur“ (cargo): vörur um borð í farartæki eða í gámi,

„lögbært yfirvald“ (competent authority): yfirvald sem ber ábyrgð á framkvæmd og beitingu heilbrigðisráðstafana samkvæmt þessari reglugerð,

„smitgeymir“ (reservoir): dýr, planta eða efni þar sem sýkillinn hefst við að öllu jöfnu og sem gæti skapað hættu fyrir lýðheilsuna,

„smitferja“ (vector): skordýr eða annað dýr sem að jafnaði ber með sér sýkil sem skapar hættu fyrir lýðheilsuna,


[*Bæta við eftir þörfum*]

Skipulag


Ábyrgðaraðilar

Skipurit yfir þar til bær stjórnvöld

Mörg stjórnvöld hafa aðkomu að sóttvarnavottun skipa. Dagleg framkvæmd eftirlits og útgáfu vottorða er fyrst og fremst á höndum Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar / heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Siglingastofnunar, sbr. skipurit.



Ef eftirlit og tilkynningar benda til atburða sem áhrif hafa á heilsu manna um borð eða tengjast skipi og grípa þarf til aðgerða gagnvart fólki eru ábyrgðaraðilar fyrst og fremst sóttvarnalæknir og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við Matvælastofnun, Umhverfisstofnun og Siglingastofnun.



Hafnir sem leyfi hafa til að gefa út vottorð um sóttvarnarundanþágu

Listi yfir hafnir þar sem heimilt er að gefa út sóttvarnarundanþágu/sóttvarnavottorð fyrir skip.

Tafla 1 (sóttvarnarundanþága):

Höfn Harbour	SB-kóði hafnar UN locator code	Auðkennisnr. hafnar Port ID-number	Breiddargráða N Latitude N	Lengdargráða V Longitude V	Símanúmer Contact points
Akraneshöfn	ISAKR	13404	64°18.8	22°04.9	660-8938
Akureyrarhöfn	ISAEY	24771	65°41.5	18°04.8	460-4200
Eskifjarðarhöfn	ISEFJ	13521	65°04.5	14°01.6	476-1199
Fiskrúðsfjarðarhöfn	ISFAS	13543	64°55.5	13°59.9	475-1473
Grindavíkurhöfn	ISGRI	13563	63°50.4	22°25.2	660-7305
Grundarfjarðarhöfn	ISGRF	13580	64°55.6	23°15.1	863-1033
Grundartangarhöfn	ISGRT	13614	64°21.4	21°46.6	433-8752
Hafnarfjarðarhöfn	ISSTR	24813	64°03.9	21°58.1	565-2223
Hafnarfjarðarhöfn	ISSTR	25025	64°02.7	22°02.3	565-2223
Hornafjarðarhöfn	ISHFN	211807	64°14.9	15°12.0	893-3042
Húsavíkurhöfn	ISHUS	24858	66°02.7	17°21.3	893-9175
Ísafjarðarhöfn	ISISA	24915	66°04.0	23°07.1	862-1877
Litlisdalur	ISO66	259829	64°23.6	21°28.0	550-9981
Neskaupstaðarhöfn	ISNES	24936	65°08.3	13°44.3	477-1333
Reyðarfjarðarhöfn	ISRFJ	259824	65°01.8	14°13.2	479-1305
Reykjaneshöfn	ISKEF	215882	63°59.2	22°32.0	896-5570
Reykjavíkurhöfn	ISREY	24969	64°08.0	21°49.7	660-8930
Seyðisfjarðarhöfn	ISSEY	13712	65°15.8	14°00.4	867-2349
Siglufjarðarhöfn	ISSIG	24997	66°09.1	18°54.0	860-3822
Vestmannaeyjahöfn	ISVES	25059	63°26.7	20°16.1	845-1315
Vopnafjarðarhöfn	ISVPN	13764	65°45.2	14°49.4	898-5298
Þorlákshöfn	ISTHH	259825	63°51.6	21°21.9	893-3659
Þórshafnarhöfn	ISTHO	259823	66°11.7	15°20.4	862-5198

Hafnir sem hafa leyfir til að gefa út sóttvarnavottorð

Tafla 2 (sóttvarnavottorð):

Höfn Harbour	SB-kóði hafnar UN locator code	Auðkennisnr. hafnar Port ID-number	Breiddargráða N Latitude N	Lengdargráða V Longitude V	Símanúmer Contact points
Akureyrarhöfn	ISAEY	24771	65°41.5	18°04.8	460-4200
Grundartangarhöfn	ISGRT	13614	64°21.4	21°46.6	433-8752
Ísafjarðarhöfn	ISISA	24915	66°04.0	23°07.1	862-1877
Reykjavíkurhöfn	ISREY	24969	64°08.0	21°49.7	660-8930
Seyðisfjarðarhöfn	ISSEY	13712	65°15.8	14°00.4	867-2349

Viðvörðun um skip sem þarf á vottorði eða endurnýjun vottorðs að halda

Tilkynningaferli

Skipstjóri/umboðsmaður útgerðar óskar eftir framlengingu vottorðs

Hafnareftirlitið bendir á ófullnægjandi vottorð

Haft er samband við heilbrigðisfulltrúa

Hlutverk skipstjóra og útgerðarmanna

Öll skip á alþjóða siglingaleiðum þurfa að sinna viðhaldi svo að líkum á útbreiðsla sjúkdóma um heiminn sé haldið í lágmarki. Í samræmi við alþjóðaheilbrigðisreglugerðina, IHR (2005) verða aðildarríkin að grípa til allra skynsamlegra sóttvarnaráðstafana sem tryggja að útgerðamenn haldi skipum sífellt ósýktum og ómengduðum þar með talið lausum við smitferjur og smitgeyma.

Í samræmi við IHR (2005) skulu skipstjórar og útgerðarmenn auðvelda

- skoðun farangur skips og gáma
- læknisrannsókn á fólki um borð
- aðrar sóttvarnaráðstafanir

d) aðgengi að viðeigandi upplýsingum um lýðheilsamál sem aðildarríki fer fram á þ.m.t. Heilbrigðisyfirlýsingu sæfarenda.

Skipstjórar og útgerðarmenn skulu veita upplýsingar um heilsufarsmál sem þar til bær yfiröld fara fram á og auðvelda yfirvöldum sóttvarnaráðstafanir.

Sóttvarnaráðstafanir þurfa að fara fram með öruggum hætti án tafar.

Skipstjórar og útgerðarmenn skulu veita þar til bæru yfirvaldi 1) gildri sóttvarnaundanþágug eða sóttvarnavottorði og 2) Heilbrigðisyfirlýsingu sæfarenda.

Viðauki 4 í IHR (2005) veitir frekari upplýsingar um skyldur skipstjóra og útgerðarmanna. Þannig er skipstjóra skylt að veita heilsufarsupplýsingar við komu til hafnar og tilkynna um sérhvern sjúkdóm sem virðist af völdum sýkingar eða annarra þátta sem eru ógnun við heilsu manna.

Með hliðsjón af Heilbrigðisyfirlýsingu sæfarenda þarf skipstjóri að fullvissa sig um heilbrigðisástand um borð við fyrstu komu skips til hafnar aðildarríkis, nema að aðildarríki fari ekki fram á það, (sjá 1b í viðauka 3 og viðauka 8)

Sóttvarnaeftirlit í skipum og vottorðaútfylling í kjölfarið

Leiðbeiningar um útfyllingu vottorða í kjölfar skipaskoðana skv. reglugerð nr. 747/2009

Vottorðin geta verið með þremur mismunandi útfærslum:

1. Ef ekkert finnst athugasemdir í skipinu við skoðunina er gefið út **sóttvarnaundanþáguvottorð, Ship sanitation control exemption certificate** til 6 mánaða í senn.
2. Finnist eitthvað athugasemdir í skipinu við eftirlitið þannig að beita þurfi ákveðnum sóttvarnaraðgerðum, eru þær framkvæmdar fyrst ef unnt er og síðan gefið út **sóttvarnavottorð, Ship sanitation control certificate**.
3. Ef ekki er unnt að framkvæma skoðun eða beita tilskildum sóttvarnarráðstöfunum er hægt að **framlengja** vottorð um sóttvarnarundanþágu um einn mánuð **Extension of the Ship sanitation certificate**

Undirbúningur eftirlits

Útgerð skips/umboðsmaður útgerðar hringir og óskar eftir vottorði. Heilbrigðiseftirlit þess svæðis þ.s. höfnin er sem skipið leggst að, undirbýr eftirlitið.

Umboðsmaður/skipstjóri gefur upplýsingar um hvenær skipið kemur að landi, í hvaða höfn og hversu lengi það verður til að finna tíma fyrir eftirlit. Heilbrigðiseftirlitið getur óskað eftir almennum upplýsingum um heilbrigðisástand um borð, hvaða höfn var síðasti viðkomustaður og hver sé sú næsta.

ATH eftirfarandi er gott að fá upplýsingar um eða óska eftir að sé tilbúið þegar að eftirliti kemur:

1. **Alltaf óska eftir:**
 - Maritime Declaration of Health
 - Ship sanitation certificate (eldra vottorð)

Eftirfarandi skjöl gæti líka verið áhugavert að skoða til að meta lýðheilsuvá:

- Management plans, fyrir t.d. water bunkering, food safety, pest control, sewage, waste
- Ballast water form (IMO A(868)20)
- Medical log
- Lyfjalista (list of medicine)
- Potable water analysis report

Önnur skjöl sem hægt er að óska eftir til að meta lýðheilsuvá:

- General declaration – hægt að fá upplýsingar um nafn skips, gerð, flagg, sem og upplýsingar um almennar kröfur sem gerðar eru til skipsins
 - Cargo declaration and Ships stores declaration – til að fá upplýsingar um farm, þ.e. hvaðan hann kemur og gróf lýsing
 - Dangerous goods manifest – ef farmur sem fluttur er, er hættulegur
2. Tengiliður um borð – fá tengilið sem hægt er að hafa samband við þegar um borð er komið.
 3. Fá upplýsingar um aðgengi í skipinu. Er auðvelt að komast um?

Framkvæmd eftirlits

Heilbrigðisfulltrúi fer um borð í skip sem er til skoðunar. Hluti eftirlits fer ávallt í viðræður við umboðsmann skips/skipstjóra um almennar heilbrigðisaðstæður um borð, fara yfir skjöl og spyrja spurninga um heilbrigðisástand áhafnar og farþega.

Skoðunin sjálf felst í almennu heilbrigðiseftirliti. Hafa má tæknilegar leiðbeiningar WHO til hliðsjónar við eftirlitið en þess má geta að þær eru ansi ýtarlegar. Til að kyrrsetja skip þurfa ríkar ástæður að liggja til grundvallar og sambærilegar við fyrirvaralaus stöðvun starfsemi í landi.

Markmið með skipaskoðuninni er að ganga úr skugga um að ekki séu þær aðstæður í skipinu sem heilsu áhafna og farþega um borð geti stafað hætta af og að komið sé í veg fyrir að með skipinu berist smit- eða eiturefni sem ógnað geta lýðheilsu landsins.

Hafa skal í huga að aðbúnaður í skipum, innréttingar og frágangur er annars eðlis en í húsnæði á landi.

Reynt er að skoða öll rými sem tilgreind eru á sóttvarnavottorðinu. Gott er að fylgja ákveðinn röð þar sem byrjað er á hreinni svæðum en endað á opnum svæðum til að forðast krossmengun. Byrja á vistarverum (hreinlætisaðstaða, sturtur, klósett, almennt hreinlæti), þá eldhús (hreinlæti, innra eftirlit, vaskar, **muna hlífðarfatnað**), matargeymslur (kælar, frystar) og aðrar geymslur, þar næst aðstaða fyrir barnagæslu, læknaaðstaða, sundlaugar, úrgangur, vélarrúm (almenn yfirsýn), vatn (tankar, skjöl), skólp (skjöl), ballast tankar (skjöl), farmgeymslur og merki um staðið vatn á dekki.

Eldhús:

- Fylgja reglum um almennt heilbrigðiseftirlit í matvælafyrirtækjum.
- Áhersla er á aðbúnað, hreinlæti, almennt innra eftirlit. (ath. hugsanleg skjöl þar um).
- Ath. ummerki um meindýr og ath. meindýravarnir.
- Hægt að kanna medical log til að fá upplýsingar um matarsýkingar eða önnur veikindi

Matargeymslur – búr

- Ath hitastig, hreinlæti, mataröryggisáætlanir

Aðrar geymslur, lestar

- Ath. hreinlæti, aðgangur óviðkomandi, öryggi, loftræsting og þ.h.
- Ath. ummerki um meindýr, meindýravarnir.

Vistarverur (áhöfn, yfirmenn, farþegar, þilfar) (Quarters):

- Er aðbúnaður til staðar til að tryggja almennt hreinlæti og öryggi, handlaug, salerni, sturtur, loftræsting, brunavarnir.
- Eru vistarverur snyrtilegar – stikkprufueftirlit, ekki nauðsynlegt að skoða alla klefa. Leggja áherslu á að skoða sameiginlegar vistarverur/hreinlætisaðstöðu.
- Hafa verklagsreglur varðandi húsnæðiseftirlit til hliðsjónar. Hafa skal í huga að aðbúnaður í skipum, innréttingar og frágangur er annars eðlis en í húsnæði á landi.
- Ath. ummerki um meindýr

Neysluvatn

- Skoða vottorð um hreinleika vatns, upplýsingar um hvar og hvenær það var tekið.
- Fara yfir sýnatökur ef slíkar hafa verið framkvæmdar.
- Ef slíkir pappírar eru ekki til staðar er hægt að skoða medical log til að leita eftir vísbendingum um sjúkdóma sem tengjast vatni.
- Ath. tærleika vatnsins með því að skrúfa frá.
- Ef grunur leikur á að vatn sé í ólagi er hægt að taka sýni og láta rannsaka. Hafa samband við Hafnaríkiseftirlit Siglingastofnunar s: 8603508, varðandi mat á aðgerðum sem grípa skal til.

Skólp

- Ath. eftirfarandi skjöl:
 - Management plans for sewage; þarf að vera til staðar,
 - IMO International Sewage Pollution Prevention Certificate **ISPP**; skal vera til staðar og yngra en 5 ára og á læsilegu máli.
- Hægt að fá upplýsingar um meðhöndlun skólps hjá umboðsmanni/skipstjóra.
- Ef ummerki um lélega meðhöndlun skólps eða sjúkdóma af þess völdum skal hafa samband við Hafnaríkiseftirlit Siglingastofnunar í síma: 8603508 (Þór Kristjánsson) .

Kjölfestuvatn

- Ath. skjöl eða upplýsingar frá skipstjóra. IMO Ballast water form.
- Hafnaríkiseftirlit Siglingastofnunar ber ábyrgð á eftiliti með kjölfestuvatni.

Meðhöndlun úrgangs

- Hvernig er meðhöndlun úrgangs háttað; geymsla, flokkun, ráðstöfun?
- Fá upplýsingar þar um hjá skipstjóra/umboðsmanni, einnig hægt að fá aðgang að “management plans” og “record books”
- Ath. reglur um “medical waste” (kælda geymslu þarf fyrir sóttmengaðan úrgang) sérstaklega þar sem stærri sjúkrarými eru til staðar
- Ef áætlanir eða skráningabækur eru ekki til staðar er skipið að brjóta alþjóðlegar reglur, því ber að hafa samband við Hafnaríkiseftirlit Siglingastofnunar.

Staðið vatn (Standing water):

- Merki um vatn sem safnast hefur saman á stöðum þar sem það getur fúlnað eða verið uppspretta t.d. mós kíóflugna eða þvíumlíkt – á yfirleitt ekki við á Íslandi.
- Ath. hreinlæti á þilförum, björgunarbátum og fleiri stöðum þar sem vatn getur safnast fyrir

Vélarrúm (engine room)

- Ath. ummerki um meindýr – ath meindýravarnir
- Umgengni og skipulag í lagi

Sjúkrarými, lækniástaða (medical facilities)

- Ath. medical log bók (sjá eldhús og neysluvatn)
- Ath. úrgangsmál (sjá meðhöndlun úrgangs)
- Aðbúnaður, umgengni og hollustuhættir
- Þrif og sóttþreinsun, þrifaáætlanir, innra eftirlit
- Skoða lyfjageymslur

Önnur rými:

Sundlaugar/heilsulindir (swimming pools, spas)

- Skoða “management plan”
- Óska eftir upplýsingum um hvernig fylgst er með heilnæmi vatns (sýrustig, klór, önnur sótthreinsun). Aths. gerðar ef vatn er ekki sótthreinsað, krafa er um að fylgst sé með heilnæmi vatnsins.
- Ath öryggisbúnað og öryggisreglur fyrir gesti

Önnur skoðuð svæði

- Tilgreina á vottorðinu þau svæði sem skoðuð eru sem ekki eru tilgreind hér að ofan, ef við á.

Ávallt skal notast við viðeigandi hlífðarbúnað, t.d. hanska, hárnét eða slíkt, einkum þar sem slíkt á við vegna hollustuhátta.

Útgáfa vottorða:

Vottorðin eru tvennskönar, annarsvegar vottorð um sóttvarnarundanþágu (Ship sanitation exemption certificate) og hinsvegar sóttvarnavottorð (Ship sanitation control certificate). Einnig er hægt að framlengja vottorð um 1 mánuð ef ekki er hægt að framkvæma eftirlit eða ekki er hægt að koma við viðeigandi sóttvörnum.

Leiðbeiningar um útfyllingu vottorða:

Vottorðið sjálft – sjá viðauka x:

- Velja hvort um er að ræða sóttvarnarundanþágu eða sóttvarnavottorð, setja x í viðeigandi reit fyrir framan. Ef um framlengingu er að ræða, sjá leiðbeiningar þar um hér að neðan.
- Á haus vottorðs eiga að koma fram eftirfarandi upplýsingar: Dagsetning, hvaða höfn skipið er í, nafn skipsins og undir hvaða fána það siglir og IMO skráningarnúmer. Yfirleitt á að skoða skip ólestuð, en ef þau eru lestuð þarf að gefa upp ca. magn sem er í skipinu – hægt að fá þær upplýsingar hjá skipstjóra. Einnig þarf að gefa upp nafn þess sem skoðar.
- Velja rétta töflu í vottorðinu, Ship sanitation control exemption certificate þ.e. sóttvarnaundanþáguna (tafla sem er vinstra megin), ef allt er í lagi. Ef gera þarf einhverjar athugasemdir er fyllt í ship sanitation control certificate þ.e. sóttvarnavottorðið (taflan hægra megin). (sjá umfjöllun um hvort vottorð hér á eftir)
- Fylla út í alla dálka og línur, þ.e. fyrir öll svæði.
- Merkja þau svæði eða staði sem ekki eiga við með **N/A (stendur fyrir not applicable)**
- Á þeim svæðum þar sem engin merki fundust um smit- eða eiturefni sem gætu ógnað lýðheilsu, skal skrifa **none/Nil**
- Setja fram upplýsingar um þau skjöl sem skoðuð voru
- Ef sýnatökur eru rýndar skal merkja það greinilega með yes eða no
- Setja fram upplýsingar ef sýni eru tekin
- Undirskrift þess sem skoðar, dagsetning og stimpill
- Afrit af útgefnu vottorði sent til Siglingastofnunar (thor@sigling.is) og Sóttvarnarlæknis (mottaka@landlaeknir.is)

Vottorð um sóttvarnarundanþágu gefið út, Ship sanitation control exemption certificate:

Ef engin ummerki finnast í skipinu sem geta valdið lýðheilsuvá er sóttvarnarundanþága gefin út, Ship sanitation control exemption certificate.

Vottorðið er gefið út ef Heilbrigðisfulltrúi sem skoðar skip metur að aðstæður um borð séu þannig að lýðheilsu sé ekki ógnað.

Afrit af útgefnu vottorði um sóttvarnaundanþágu sent til Siglingastofnunar (thor@sigling.is) og Sóttvarnarlæknis (mottaka@landlaeknir.is)

Sóttvarnavottorð gefið út, Ship Sanitation control certificate:

Ef athugasemdir eru gerðar í eftirlitinu um eitthvað sem varðar almannaheill (jafngilt því að stöðva starfsemi í landi), t.d. merki um skordýr/rottur eða vatn greinilega í ólagi – hafa samband við Hafnaríkiseftirlit Siglingastofnunar (símanúmer) og sóttvarnarlækni (símanúmer). Framkvæma sóttvarnir ef hægt er (ath þarf að vera í höfn þar sem unnt er að gera viðeigandi sóttvarnir) og síðan gefa út sóttvarnavottorð ef úrbætur eru fullnægjandi. Ef ekki er unnt að gera úrbætur er vottorð skipsins framlengt um 1 mánuð með athugasemdum.

Sjá meðfylgjandi töflu í vottorði í viðauka x (ship sanitation control), gera aths. á viðeigandi stöðum og upplýsingar um aðgerðir sem gripið er til, upplýsingar um seinna eftirlit eftir að aðgerðum er lokið.

Önnur útfylling sambærileg við vottorð um sóttvarnarundanþáguna.

Afrit af útgefnu vottorði sent til Siglingastofnunar (thor@sigling.is) og Sóttvarnarlæknis (mottaka@landlaeknir.is)

Framlenging um 1 mánuð

Ef ekki er unnt að framkvæma sóttvarnir í viðkomandi höfn má framlengja vottorð um 1 mánuð.

Gildir einnig ef ekki er unnt að skoða skipið í viðkomandi höfn. Ekki er hægt að framlengja framlengingu.

Vottorð er stimplað af viðkomandi heilbrigðiseftirliti og vottorðið er framlengt um mest 30 daga.

Sjá fyrirmynd að framlengingu í viðauka x.

Afrit af útgefni framlengingu sent til Siglingastofnunar (thor@sigling.is) og Sóttvarnarlæknis (mottaka@landlaeknir.is)

Sviðsmynd 1:

Engin ummerki finnast sem Heilbrigðisfulltrúa finnast vert að gera athugasemd við. Fyllt út **none/nil eða strikað yfir dálkinn** við öll svæði sem skoðuð eru í töflu merkt Ship sanitation control exemption certificate. Listuð upp þau skjöl sem skoðuð eru í dálki merktur Documents reviewed og eiga við ákv. svæði. Merkja N/A (not applicable) við þau svæði sem ekki eru til staðar eða eiga ekki við.

Merkja við að um sé að ræða SHIP SANITATION CONTROL EXEMPTION CERTIFICATE á forsíðu vottorðs.

Undirskrift og stimplað og þar með er sóttvarnaundanþága gefin út

Sviðsmynd 2:

Heilbrigðisfulltrúi gerir athugasemdir við atriði sem þarf/hægt er að lagfæra strax, t.d. óhreinindi, bilaðir kælar, staðið vatn, ófullnægjandi hreinlætisáætlanir eða aðrar slíkar athugasemdir sem eru ætlaðar til að koma í veg fyrir að lýðheilsuvá geti myndast. Fylla út svokallað Evidence report format (viðauki x) sem fylgja þarf Ship Sanitation Control Certificate.

Í töflu á vottorði er skrifuð stutt aths. um hvaða “control measure” þurfi að fara fram, hægt að gefa nánari skýringar í Evidence report format.

Sjá til þess að það sem gert athugasemd er við sé lagfært, farið aftur í eftirlit til að fylgja eftir kröfum og ef skilyrði eru uppfyllt er sóttvarnavottorð gefið út með merki í viðeigandi reiti. Gæta skal þess að Evidence report format fylgi með.

Ef ekki er hægt að framkvæma lagfæringar áður en skip þarf að fara, og ekki er ástæða til að hefta för þess, má líka gefa út sóttvarnavottorð með athugasemdum og sjá til þess að upplýsingum sé komið til næstu hafnar (í samráði við Hafnaríkiseftirlit Siglingastofnunar) um hvaða athugasemdir hafi verið gerðar þannig að viðkomandi yfirvöld í því landi geti farið í eftirlit til að fylgja eftir kröfum.

Sviðsmynd 3:

Rottur eða önnur meindýr, kalla til meindýraeyði. Upplýsa hafnaríkiseftirlit Siglingastofnunar um vandamálið. Ef hægt að eyða meindýrum, gefa skýrslu þar um og að meindýravörnum loknum gefa út sóttvarnavottorð og láta fylgja upplýsingar um vandamálið og hvernig brugðist var við.

Ef ekki hægt að eyða meindýrum skal gefa út framlengingu eða sóttvarnavottorð með athugasemdum og koma upplýsingum þar um til næstu hafnar í samráði við Hafnaríkiseftirlit Siglingastofnunar.

Sviðsmynd 4:

Mikil veikindi um borð í skipinu undanfarið sem hugsanlega tengjast vatni, matvælum eða meindýrum. Haft er samband við sóttvarnalækni umdædmisins eða önnur heilbrigðisyfirvöld til að meta hvernig skuli bregðast við.

Þegar allt er komið í lag er sóttvarnavottorð gefið út með tilheyrandi athugasemdum í Evidence report form.

Viðauki x: Vottorðin

<input type="checkbox"/>	SHIP SANITATION CONTROL EXEMPTION CERTIFICATE
<input type="checkbox"/>	SHIP SANITATION CONTROL CERTIFICATE

Date: _____ Port of _____

This Certificate records the inspection and exemption from control or control measures applied

Name of ship or inland navigation vessel _____ Flag _____

Registration/IMO No. _____ NT: _____

At the time of inspection the holds were ___unladen or ___laden with _____ tonnes of cargo,

Name of inspecting officer: _____

Ship Sanitation Control Exemption Certificate

Areas, [systems, and services] inspected	Evidence found ¹	Sample results ²	Documents reviewed
Galley			
Pantry			
Stores			
Hold(s)/cargo			
Quarters:			
- crew			
- officers			
- passengers			
- deck			
Potable water			
Sewage			
Ballast tanks			
Solid and medical waste			
Standing water			
Engine room			
Medical facilities			
Other areas specified - see attached			
Note areas not applicable, by marking N/A			

- 1) (a) Evidence of infection or contamination, including: vectors in all stages of growth; animal reservoirs for vectors; rodents or other species that could carry human disease, microbiological, chemical and other risks to human health; signs of inadequate sanitary measures.
(b) Information concerning any human cases (to be included in the Maritime Declaration of Health).
- 2) Results from samples taken on board. Analysis to be provided to ship's master by most expedient means and, if re-inspection is required, to the next appropriate port of call coinciding with the re-inspection date specified in this certificate.

Sanitation Control Exemption Certificates and Sanitation Control Certificates are valid for a maximum of six months, but the validity period may be extended by one month if inspection cannot be carried out at the port and there is no evidence of infection or contamination.

Name and designation of issuing officer:

Date _____ Signature and seal _____

Ship Sanitation Control Certificate

Areas, [systems, and services] inspected	Control measures applied	Re-inspection date	Comments regarding conditions found
Galley			
Pantry			
Stores			
Hold(s)/cargo			
Quarters:			
- crew			
- officers			
- passengers			
- deck			
Potable water			
Sewage			
Ballast tanks			
Solid and medical waste			
Standing water			
Engine room			
Medical facilities			
Other areas specified - see attached			
Note areas not applicable, by marking N/A			

Control measures indicated were applied on the date below.

Attachment To Ship Sanitation Control Exemption Certificate/Ship Sanitation Control Certificate

Areas/facilities/systems inspected	Evidence found	Sample results	Documents reviewed	Control measures applied	Re-inspection date	Comments regarding conditions found
Food						
Source						
Storage						
Preparation						
Service						
Water						
Source						
Storage						
Distribution						
Waste						
Holding						
Treatment						
Disposal						
Swimming pools/spas						
Equipment						
Operation						
Medical facilities						
Equipment and medical devices						
Operation						
Medicines						
Other areas inspected						

Indicate when the areas listed are not applicable by marking N/A.

Date: _____ Signature and seal _____

Gjaldtaka

- Samkv. 41. gr. IHR 2005 skal gjaldskrá vera í samræmi við raunkostnað.

Viðaukar

Laga- og reglugerðasetning

Sóttvarnalög nr. 19/1997. (17. mars 2007)

2. *Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum til eða frá Íslandi.*

13. gr. Um sóttvarnaráðstafanir, sem grípa má til vegna hættu á farsóttum frá útlöndum eða frá Íslandi til útlanda, skal setja reglugerð í samræmi við efni þeirra alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að, svo sem alþjóðaheilbrigðisreglugerðar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Sóttvarnalæknir er tengiliður Íslands við samsvarandi tengilið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í samræmi við ákvæði alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar.

Matvælalög

Breytingar á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum. (18. desember 2009)

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lög þessi taka til framleiðslu og dreifingar matvæla á öllum stigum. Þau taka ekki til frumframleiðslu til einkanota eða til vinnslu, meðferðar eða geymslu á matvælum til einkaneyslu. Lögin ná þó til allra efna og hluta sem ætlað er að koma í snertingu við matvæli á einkaheimilum. **Lögin taka til matvælaeftirlits hérlendis og um borð í skipum í höfnum og á leið til hafna hérlendis. Sama á við um loftför á flugvöllum hérlendis.**

Hollustuhættir

Reglugerð nr. 747/2009

um breytingu á reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. (20. ágúst 2009)

1. gr.

Við XIV. kafla bætist ný grein, 55. gr. a., sem orðast svo:

Sóttvarnarundanþága og sóttvarnavottorð fyrir skip.

Heilbrigðisnefnd, í samráði við Siglingastofnun, hefur heilbrigðiseftirlit með skipum og gefur út vottorð um sóttvarnarundanþágu og sóttvarnavottorð fyrir skip. Vottorð skulu vera á ensku og í samræmi við fyrirmynd í fylgiskjali 4 og gilda í sex mánuði hið mesta. Framlengja má vottorð um einn mánuð ef ekki er unnt að framkvæma skoðun eða beita tilskildum sóttvarnarráðstöfunum í viðkomandi höfn. Heilbrigðisnefnd er heimilt að framlengja vottorð um sóttvarnarundanþágu um einn mánuð í senn þar til skip nær til hafnar sem getur gefið út sóttvarnavottorð.

Heimilt er að veita vottorð um sóttvarnarundanþágu fyrir skip í þeim höfnum sem tilgreindar eru í töflu 1 í fylgiskjali 5. Eingöngu er heimilt að veita sóttvarnavottorð fyrir skip í þeim höfnum sem tilgreindar eru í töflu 2 í fylgiskjali 5.

Ef grunur er um hættu fyrir heilsu manna um borð og ekki eru til staðar gild vottorð um sóttvarnarundanþágu eða sóttvarnavottorð fyrir skip er heilbrigðisnefnd, að höfðu

samráði við Siglingastofnun, heimilt að skoða skipið og getur í kjölfarið gripið til eftirfarandi aðgerða:

1. Ef engar vísbendingar eru um hættu fyrir heilsu manna getur heilbrigðisnefnd gefið út vottorðum sóttvarnarundanþágu fyrir skipið.
2. Ef vart verður við hættu fyrir heilsu manna skal heilbrigðisnefnd tilkynna sóttvarnarlækni um hana og með fullnægjandi hætti grípa til sóttvarnarráðstafana eða að sjá til þess að til þeirra verði gripið svo hún geti gefið út sóttvarnavottorð fyrir skipið. Ef aðstæður eru þess eðlis að ekki er unnt að ná fullnægjandi árangri við sóttvarnarráðstafanir, að mati heilbrigðisnefndar, skal gera athugasemd um það í sóttvarnavottorði skipsins. Nauðsynlegt er að ljúka sóttvarnarráðstöfunum áður en nýtt sóttvarnavottorð er veitt.

Útgerð farkosts greiðir kostnað vegna eftirlits og útgáfu vottorðs um sóttvarnarundanþágu eða útgáfu sóttvarnavottorðs.

Heilbrigðisnefnd skal senda Siglingastofnun og sóttvarnarlækni upplýsingar um útgáfu á vottorði um sóttvarnarundanþágu og sóttvarnavottorð, ásamt upplýsingum um gildistíma þeirra. Framangreind ákvæði eiga ekki við um fiskiskip, lystisnekkjur, björgunarbáta, hafnsögubáta, vitaskip, varðskip, dráttarskip, dýpkunarskip, né heldur um smáskip og báta sem eru minni en 200 brúttótonn.

2. gr.

Reglugerðin er sett með stoð í 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til innleiðingar á ákvæðum alþjóða heilbrigðisreglugerðarinnar (IHR 2005) varðandi vottorð um sóttvarnarundanþágu fyrir skip og sóttvarnavottorð fyrir skip, að höfðu samráði við samgönguráðuneyti, hvað hlutverk Siglingastofnunar varðar, og heilbrigðisráðuneyti, hvað hlutverk sóttvarnarlæknis varðar. Reglugerð þessi tekur þegar gildi.


Heilbrigðiseftirlitssvæði

Landinu er skipt í 10 heilbrigðiseftirlitssvæði. Á þeim svæðum sjá viðeigandi sveitarfélög um heilbrigðiseftirlit, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar.

Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga (HES) má skipta í heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa. Heilbrigðisfulltrúar, starfa sem fulltrúar viðkomandi heilbrigðisnefndar. Þeir hafa umsjón með starfsleyfisgerð og eftirliti með efnavörum, hollustuháttum, matvælum, mengandi starfssemi og umhverfisgæðum á innan heilbrigðiseftirlitssvæða.

Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru:

- [Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis \(HHK\)](#), s. 550 5400
- [Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar](#) s. 411 8500
- [Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis](#), s. 525 6795
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, s. 431 2740/431 2750
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, s. 456 7087
- [Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra \(HNV\)](#), s. 453 5400
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE), s. 462 4431
- [Heilbrigðiseftirlit Austurlands \(HAUST\)](#), s. 474 1235
- [Heilbrigðiseftirlit Suðurlands](#), s. 480 8220
- [Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja](#), s. 421 3788



Svæðaskipting

Sóttvarnaumdæmi.

Ráðherra tilnefni yfirlækna heilsugæslustöðva samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis sem skulu vera ábyrgir fyrir sóttvörnum í sínu umdæmi undir stjórn sóttvarnalæknis. Tilnefna má fleiri en einn yfirlækni í hverju sóttvarnaumdæmi. [Yfirlækarnir eru nefndir sóttvarnalækna í umdæmum og ef fleiri eru tilnefndir eru þeir nefndir sóttvarnalækna svæða innan umdæmanna].

Eftirfarandi landshlutar eru sóttvarnaumdæmi:

- Höfuðborgarsvæðið (Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjósarhreppur, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður og Sveitarfélagið Álftanes).
- Norðurland (frá Húnaþingi vestra til Langanesbyggðar að báðum meðtöldum).
- Austurland (frá Vopnafjarðarhreppi til Sveitarfélagsins Hornafjarðar að báðum meðtöldum).
- Suðurland (frá Skaftárhreppi til Sveitarfélagsins Ölfuss að báðum meðtöldum).
- Vestmannaeyjar.
- Vesturland (frá Hvalfjarðarsveit til Dalabyggðar að báðum meðtöldum).
- Vestfirðir (frá Reykhólahreppi til Bæjarhrepps að báðum meðtöldum).
- Suðurnes (Keflavíkurflugvöllur, Grindavík, Sandgerði, Sveitarfélagið Garður, Reykjanesbær, Sveitarfélagið Vogar og öryggis- og varnarsvæði ríkisins á Suðurnesjum samkvæmt varnarmálalögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem sett hafa verið samkvæmt þeim).

